

ÁGÚST 1964

FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

Tímarit um stjörnusambandsmál.



Útgefandi: Félag Nýalssinna
Posthólf 1159, Reykjavík

Ritstjóri: Þorsteinn Jónsson
Úlfsstöðum, Borgarfirði

MYND Á FORSÍÐU

MARS er sú reikistjarnan f s ólkerfi okkar, sem einna mest og bezt hefur verið rannsókuð af vísindamönnum.

Mars er fjær sólu en jörðin og sólar nýtur þar því miklu verr. Þvermál stjörnunnar er 6800 km og er hún því miklu minni en jörðin. Hún snýst um sjálfu sig á 24 stundum og 37 mísnútum og hringferð hennar um sól tekur 687 daga. Tvö tungl ganga umhverfis Mars. Annað Phobos, sem er nær stjörnunni á 7 stundum og 39 mísnútum, en Deimos, sem er fjær á 30 stundum og 21 mísnútu. Fjarlægð þessara tungla frá Mars er 9500 og 23.700 km. Heimsskautin á mars verða hvíl á vetrum, en dökkna á sumrum, og bendir það til að snjör falli þar á vetrum en þiðni á sumrum.

Nýlega hefur verið sannað, að einhvers konar líff þróist á Mars, og er það fyrsta stjarnan, utan jarðarinnar, sem fengið hefur slíka staðfestingu vísindamanna.

ÁGÚST 1964

FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

Útgefandi : Félag Nýalssinna
Pósthólf 1159

Ritstjóri : Þorsteinn Jónsson,
Úlfssöðum, Borgarfirði

E F N I B L A Ð S I N S

Fyrir nokkru barst mér í hendur áætlun um gjöld félagsins á þessu ári, og sá ég þá, að kostnaður við blaðið er allmikill hluti þeirra. Kom af þeirri ástæðu nokkurt hik á mig varðandi útgáfu þess, og hafði orð á því við núverandi formann félagsins að láta blaðið liggja niðri í sumar. Nú hefi ég hinsvegar fengið frá formanni hvatningu til útgáfu, og skildist mér um leið að aukins bjartsýnis munu nú gæta hjá ýmsum félagsmönnum. Þykir mér gott að geta sagt slíkt í fréttum, því að það ætti heldur að auka á bjartsýni enn annarra félagsmanna, en bjartsýni er, eins og öllum ætti að vera ljóst, stórum sigurvænlegra en hið gagnstæða. En þó að bjartsýni kunni nú að vera fyrir hendi meira en oft áður og nægir peningar til þess að láta blaðið koma út, þá nægir það ekki. Eitthvert lesefni þarf að verða til, svo að blaðið geti haldið áfram að koma út. Til þess að ástæða sé að vera að halda uppi blaði og til þess að það sé unnt, þurfa félagsmenn að senda því greinar og frásögur, en af slíku má nú heita að ekkert sé fyrir hendi. Verður því þetta blað að meiri hluta en að undanförnu ýmsar áður prentaðar greinar en eins og mönnum ætti að vera ljóst, þá nær blaðið ekki tilgangi sínum, ef efni þess verður lítið annað. Tilgangur blaðsins er auðvitað fyrst og fremst sá að vera umræðuvettvangur félagsmanna, og væri æskilegt, að sem flestir væru þar þáttakendur. Vil ég því enn einu sinni skora á lesendur blaðsins að senda því greinar, þar sem látnar eru í ljós skoðanir eða bornar fram tillögur eða þá frásögur af einu og öðru, sem telja verður merkilegt á einhvern hátt.

Fyrsta greinin, sem ég birti hér nú, er eftir Ingvar Agnars-son, Samband við íbúa annarra stjarna, og birtist hún í Tímanum í fyrra. Virðist svo sem su grein hafi vakið nokkra eftirtekt, því að vegna hennar var nokkru síðar farið fram á, að aukin grein væri gerð fyrir hennar í útvarpi, sem líka var gert.

Pá læt ég hér koma grein Þorsteins Guðjónssonar, Lóðin hans Helga Pjeturss, sem birtist í Alþyðublaðinu fyrir meir en 10 árum, og veit eg ekki nema sú grein hafi eithvað orðið þess valdandi, að við þessari lóð og þessu húsi, sem dr. Helgi bjó í mestan hluta ævi sinnar, hefir lítið eða ekki verið hreyft.

Pá læt ég koma grein eftir sjálfan mig, Athyglisvert dæmi, og má vera að sumum þyki ég þar víska um of kuldalega að þessari bók Jónasar Þorbergssonar. Vitanlega eru þeir, sem halda á loft sambandsfyrirbærum samherjar Nýalssinna, og er nú reyndar svo komið, að þeir sem trúa á framhaldslíf eða framlíff eftir dauðann, eru sannvísindalegri í hugsun en hinir, sem neita slíku eða efa. En meðan flutningurinn á sambandsfyrirbærunum er slíkur sam hjá J. P. og skilningurinn á framlífinu, er ekki unnt að vera þar samferða nema að nokkru leyti.

Pá læt ég koma tvær greinar eftir Þorstein Guðjónsson, Sagan um ostkistuna og Hjaltasynir á Porskafjarðarþingi og vísa, sem þá var ort. Eru þær greinar, eins og fleira frá hans hendi, góð viðleitni til að hrinda þeirri fjarstæðu, sem komið hefir fram nú um skeið, að hinarr fornu íslendingasögur séu lítt eða ekki sannfræðilegar. Væru þær sögur einungis eða að mestu lygisögur frá rótum, hefðu þær aldrei getað orðið það, sem þær eru. Það er vegna þess, að frá raunverulegum atburðum er sagt og frá tínum, þegar stórmennska og aðrir einstaklingakostir nutu sín betur en síðar varð, að þessar sögur urðu öðru fremur til þess að varðveita þjóðernið gegnum aldirnar og síðar hvatning til dáða og endurreistnar.

Pá læt ég koma tvær greinar eftir sjálfan mig, Í ljósi frá Íslandi og Kraftur lífs og hugsunar, og er ekki ástæða til að fara um þær mörgum orðum. Þo vil ég undirstrika það, sem vikið er að í hinni fyrr nefndu grein, að öll tilvera hlýtur að fara fram í tíma og rúmi, og að það er því aldrei nema vitleysa að tala um nokkuð fyrir utan tíma og rúm. Allt það, sem er hlýtur að eiga sér stað í rúmi, og í rauninni er tíminn ekkert annað en sjálfrir atburðirnir, straumur þess sem gerist. – Það að tortíma eða tortímast og að eiga sér ekki stað hefir líka í íslenzku máli ævinklega táknað hið sama og eyðilegging og óveruleiki. – Eg vís að því í grein þessari, að spádomi Adams Rutherfords um ljósið frá Íslandi, eina spádomi hans, sem máli skiptir, hafi ekki mikið verið haldið á loft, og sannaðist það enn fyrir skömmu, því að ekki minntist Ævar R. Kvaran á þann spádom í útvarpsþætti sínum A 10. stund 9. þ. m. sl., og vék hann þar þó meðal annars að þessum spámanni og spádomum hans.

Pá læt ég hér koma kafla úr bréfi frá Bjarna á Brekku. Bjarni Bjarnason er einn þeirra, sem fyrst létu sér skiljast ágæti Nýals og mun í upphafi einna djarflegast hafa reynt að styðja hans málefni og vekja athygli annarra á því. Þannig flutti hann stundum

fyrirlestra um það í umhverfi sínu og reyndi á annan hátt að koma því við, hvenær sem tækifæri gafst. Árið 1925 átti hann frumkvæði að því að send var til Alþingis áskorun um hækkun styrks til dr. Helga vegna starfs hans "í þágu íslenzku þjóðarinnar, og ekki ein ungis það, heldur og alls mannkyns, " eins og þetta var þá orðað í blaðinu Lögréttu, sem birti áskorunina, Ennfremur stóð Bjarni ásamt fjórum mönnum öðrum að áskorun líks efnis, sem send var Alþingi árið 1937, og að ég held með einhverjum árangri, því að undir þá áskorun munu hafa skrifað menn víðsvegar um land allt.

Við það sem Bjarni skrifar héru, hefi ég ekki miklu að bæta. Aðeins vil ég leggja áherzlu á það, sem hann víkur þar að, hversu stórum sigurvænlegra hikleysið er jafnan, þó auðvitað ásamt skynsamlegri gát, þegar um er að ræða það, sem manni örugglega hefir skilist. Hætti menn af einhverjum ástæðum að þora að standa við sannfæringu sína, hætta þeir einnig að sjá, og mun þar vera ástæðan til þess, að ýmsir, sem eitt sinn hrifust af kenningum Nýals, hafa heykst og hörfað til baka. Þó að sá andi sé nú ríkjandi að telja það vísindalegra að komast einungis skammt í ályktunum, þá er raunveruleikinn ekki sá. Eða hver vill nú halda því fram, að ályktanir Brúnós hafi verið óvísindalegri en þeirra, sem ekki gátu eða þorðu að álycta eins ?

Þá birti ég hér þrjár smágreinar eftir Ingvar Agnarsson, Samband við guði fornmannu, Um lífmagnan og Lifnun, og enn-fremur Þrjár draumsögur. Líklegt þykir mér, að hæfileiki manna til að dreyma sé yfirleitt ekki mjög mismunandi og að meira og minna merkilegt beri fyrir hvern einn, þegar hann sefur. Mér þykir meira að segja líklegt, að fyrir sofandi dýr beri ekki síður ýmislegt merkilegt en fyrir sofandi menn, og þykir mér ánægju-legt, að vísindamenn skuli nú fyrir athuganir á sofandi dýrum hafa komist að þeirri niðurstöðu, að dýr dreymi og þurfi að njóta drauma alveg eins og menn. En þó að draumhæfileikinn sé sennilega mjög líkur meðal manna og dýra, þá virðist hæfileikinn til að muna og gera sér grein fyrir draumum sínum vera talsvert mis-munandi, og er ástæða til að ætla, að þann hæfileika hafi I.A f meira lagi. Læt ég ógert að gizka á neina ástæðu til þess. Þó þykir mér líklegt, að þetta minni verði yfirleitt þeim mun víðtækara og betra, sem vitund dreymandans er opnari fyrir því, sem ber fyrir hann í vöku. — Þetta sem I.A víkur að um, að lifnun eða hafning efnisins til lífs, gerist skyndilega, þykir mér líklegt. Til þess að það samband náist, sem lifnunin er falin í, þarf ákveðna samskipan ákveðinni frumeinda og sameinda, og er þá líklegast, að lifnunin verði þá allt í einu, þegar þeirri skipan hefir verið náð — að hún verði þá eins og þegar ljós kvíknar.

Undanfarið hafa jafnan birtst í félagsblaðinu tveir eða fleiri kaflar ósjálfrátt skrifaðir og hefir það líklega verið með vinsælasta lesefni blaðsins. Í þetta sinn birtist aðeins einn stuttur kafli,

og er ég þó að vona, að það verði ekki sá síðasti. Um raunveruleik þess, sem þar er um að ræða, verður hver að dæma eftir því, sem honum þykir líklegast. En mjög sennilegt þykir mér það sem þarna er haldið fram, að einnig dýrin eigi fyrir sér mikla þroskabraut í framlíffi, og er ég þó ekki viss um, að bau nái því nokkru sinni að verða beinlínis menn. Hið líklegasta þykir mér, sem mér var eitt sinn svarað, þegar gerð var sambandstilraun með glasi. Spurði ég þá, hvort dýrin yrðu menn í framlífi, og var svarið: Ekki beinlínis menn. En þroski þeirra var mér hinsvegar sagður verða meir en mannlegur.

Að lokum tek ég hér upp úr dagblöðum nokkrar frásögur skyldar þeim, sem Guðmundur á Klafastöðum sagði af í síðasta blaði, og hefir það ekki fyrr verið gert. Skal ekki fjölyrða um þær að öðru leyti en því, að staðreyndir þær, sem þar er um að ræða, eru vel skiljanlegar frá hinu nýalska sjónarmiði. Það er t.d. í ákaflega góðu samræmi við hinn nýalska skilning, að mikil bein sambönd eigi sér stað á milli eineggjatvívura, því að auðvitað greiðir líking þeirra fyrir slíku. Eitt er það þó í frásögum þessum, sem kalla mætti furðulegt, og það er, að óskyldir menn skuli stöku sinnum vera svo líkir sem líkustu tvíburar. Kemur mér í hug, hvort þar muni vera um að ræða eitthvert ástæðislög-mál, líking við einhvern sameiginlegan en órafjarlægum forföður, eða ef til vill hvortveggja.

Þorsteinn Jónsson.

SAMBAND VIÐ ÍBÚA ANNARRA STJARNA

I.

Í New York Times 3. des. 1962, er grein eftir Walter Sullivan er nefnist: Sovézkur stjörnufræðingur gerir ráð fyrir lífi í Andromeda stjörnuþokunni.

Er þar sagt frá kenningum rússneska stjörnufræðingsins dr. Iosif S. Shklovsky, um möguleika til að kanna hvort líf sé til á örnum hnöttum. Telur hann eina ráðið vera það, að hlusta eftir útvarpsmerkjum frá örnum stjörnum og telur þá einna vænlegast til árangurs að hlusta eftir merkjum frá stjörnuþokunni Andromedu, vegna þess að á hana megi hlusta alla í einu. Álítur hann að ef til eru einhver háþróuð menningarþjófélög muni þau reyna að framleiða og senda frá sér slík útvarpsmerki til þess að vekja athygli á sér og til að láta vita um tilvist sína.

Sú kenning, sem hér um ræðir, gerir eftir þessu ráð fyrir að líf hinna ýmsu hnatta alheimsins þróist hvað á sínum stað án sambanda við líf í öðrum stöðum. Þegar lífverur hafi svo náð miklum þroska, fari þær að reyna að gefa frá sér einhver lífsmerki til að verkja á sér athygli og eins og reyna að uppgötva lífsmerki frá öðrum. Og hann telur að útvarpsmerki séu einu möguleikarnir til þess.

Augljóst er, að ef sambönd milli lífvera í alheimi færur fram einungis á þennan hátt, þ.e. með útvarpsmerkjum, væru sambönd milli íbúa stjarnanna harla ófullkomin. Ef við hér á jörðu t.d. gætum tekið á móti útvarpsmerkjum frá Andrómedu, þá hefðu þau merki lagt af stað fyrir hálfri annarri miljón ára, eða áður en menn urðu til hér á jörð, og ættum við svo að svara þeim mundu íbúar í Andromeda ekki fá þau til athugunar fyrr en eftir annan eins tíma. Þó er Andromeda næsti nágranni okkar hvað vetrarbrautir snertir.

II.

Íbúar háþróaðra mannkynja munu ekki legja mikla áherzlu á að gera vart við sig með þessum tæknilegu aðferðum, eins og dr. Shklovsky gerir ráð fyrir. Aðrar sambandsaðferðir og fullkomnari munu þeim vera tiltækari. Líffræðilegar aðferðir eru það, sem þar munu koma til greina. Lífforka og lífgeislan berst frá einni lífveru til annarrar, frá manni til manns, frá stjörnu til stjörnu. Líffgeislinn er óendanlega miklu hraðfleygari en ljós eða rafgeisli, svo að fjarlægðir milli vetrarbrauta eru þar engin hindrun. Með lífgeislasambandi er hægt að tala við menn í mikilli fjarlægð, jafnvel við íbúa fjarlægra vetrarbrauta. Það, sem til þarf, er sem fullkomnust samskynjan við hinn fjarlæga íbúa annars hnattar. En það gerist með þeim hætti að lífgeislan frá heila og taugakerfi eins berst til heila og taugakerfis annars, þótt í fjarlægð sé, svo að hann sér og skynjar það, sem hinn sér og reynir.

Við hér á jörð höfum ekki að öllu farið á mis við slíka samskynjun við íbúa annarra hnatta. Flestir draumar okkar stafa af slíku sambandi. Dulsýnir og dulheyrnir ófreskra manna eiga sömu orsök. (Að vísu er ekkert dulraent nema það, sem ekki er skilið). – Miðilsfyrirbæri stafa af sömu orsökum. Sá sem talar fyrir miðilsmunn er oftast íbúi annars hnattar. Hugsun hans breytist í orð í munni miðilsins. Miðill og fundarmenn skapa skilyrði til að slík bein sambönd náist við íbúa fjarlægra hnatta. Því réttari sem skilningur fundarmanna er á sambandi nu og því samstilltari sem hópurinn er, því betri og fullkomnari sambönd fást.

III.

Í stað þess að reisa miklar stöðvar til að hlusta eftir rafgeislamerkjum frá öðrum hnöttum, eins og sumir víssindamenn stórbjóða hafa látið sér til hugar koma, mundi reynast ólíkt árangursríkara að reisa stjörnusambandsstöð, þar sem byggt væri á hinni líffræðilegu sambandsaðferð, sem minnst er á hér á undan. Þyrftu sem flestir að vera þátttakendur í stofnun slískrar stöðvar. Og fyrir hendi yrði að vera skilningur á eðli slíks sambands. Sem stendur er íslenzka þjóðin sú eina, sem möguleika hefur á að standa að slískri sambandsstöð, því hún ein hefur haft færi á að kynna sér hina nýju þekkingu, sem duga mun til að samband við sín annarra stjarna verði árangursríkt. Á ég hér við þá þekkingu á stjörnusambandsmálum sem dr. Helgi Péturs hefur fyrstur manna á þessari jörð borið fram í Nýalsbókum sínum.

Ef nægilega margir Íslendingar bæru gæfu til að standa að stofnun slískrar stöðvar mundi árangur fljótlega koma í ljós. Ekki mundi einungis verða um að ræða ýmsa vitneskju um framliðna vini okkar, sem heima eiga á öðrum hnöttum, heldur og um ýms önnur mannkyn og um ýmsar aðstæður í öðrum sólkerfum. Könnun annarra byggðra hnatta væri þar með hafin í raun og veru. En mestur ávinnungur mundi verða af sambandi við vitsmunaverur, sem stæðu okkur mönnum miklu framar að vizku og þroska. Slík sambönd mundu leiða til aldarskipta í sögu Íslendinga og raunar alls mannkyns.

Ingvar Agnarsson.

LÖÐIN HANS HELGA PJETURSS

Eg sé í Alþýðublaðinu 20. þ. m., að Félag Nýalssinna hefur farið þess á leit við ráðamenn ríkis og borgar, að lóð hússins, sem Helgi Pjeturss bjó í mestan hluta ævi sinnar, verði gerð að skemmtigarði og sett þar upp líkneski hans, en verði ekki seld undir verzlunarhús, eins og nú virðist standa fyrir dyrum. Það er ekki annað hægt að segja en þessi hugmynd eigi fullan rétt á sér. Hver sæmilega mennt þjóð leggur rákt við minningu mikilmenna sinna og þá staði, sem tengdir eru sögu þeirra sérstaklega. Einkum er hjá þeim þjóðum, sem framsæknastar eru, og

bezt hafa kunnað að meta sína afburðamenn, varið miklu fé til þess að halda við bústöðum þeirra og búa þannig um, að allt megi þar sem bezt minna á þá og starf þeirra.

Nú er að vísu ekki hægt að hrósa Íslendingum fyrir það, að þeir hafi verið skyggnir á, hverjir voru mestir menn á meðal þeirra öðru nær. Þó var þetta ekki þannig í fornöld, t. d. kunni höfðinginn Sturla Sighvatsson vel að meta sögusnillinginn Snorra (hvað sem því líður að nýlega hefur verið kveðinn upp sá dómur í blaðagrein, að Sturla hafi ekkert vit haft á þessum fræðum, sem hann dáðist svo mjög að), en eftir það fór hagur snillinga lækkandi á Íslandi, og þeir urðu félausir að flækingsgreyjum og "hrak" þeir fengu að viðurnefni. En á síðari árum hefur verið nokkur viðleitni til að bæta úr því hirðuleysi, sem verið hefur um slíka menn. Væri vel, ef það væri forboði þess, að þjóðin áttarði sig betur á sjálfrí sér og því ágæti, sem í henni býr. En hvort svo verður, má ef til vill marka af því, hvernig valið tekst á þeim, sem heiðraðir verða. Verði það hinir mestu og beztu menn, er það góðs viti, en ekki, ef gleymt verður eða gengið framhjá einhverjum hinna ágætustu manna landsins.

Pannig reynir nú á mannbekkingu ráðamannanna. Þeir eiga nú að dæma um, hvort Helgi Pjeturss sé þess verður, að honum sé einhver sómi sýndur látnum, eða hvort bezt fari á því að reisa sölubúð þar sem hann lifði og starfaði, svo sem til að jafna sem bezt yfir minningu hans. Vera má, að þessi litla ákvörðun verði seinna meir talin nokkur vitnisburður um þá sjálfa.

Porsteinn Guðjónsson.

A THYGLISVERT DÆMI.

Ekki get ég sagt, að mér hafi mikið birt fyrir sjónum af því að lesa hina nýlega útkomnu bók Jónasar Þorbergssonar, fyrrum útvarpsstjóra, Líf er að loknu þessu, og á ég að því leyti einkum við fyrri hluta bókarinnar. Er þar, ásamt hinum margendurteknu dultrúarskýringum höfundarins, allmikið sagt frá hinum framúrskarandi miðilshæfileikum Hafsteins Björnssonar og hversu ótal margar framlíffssananir hafi fengist í (gegnum hann, og kemur mér ekki til hugar að rengja slíkt. Hinsvegar má

heita svo, að einstök dæmi um slíkar sannanir séu þar naði hvergi rakin, en slíkt væri þó einmitt það, sem bezt sannanagildi hefði fyrir lesendur. En á bls. 158 til 160 er þó loks sagt frá einstöku dæmi ekki þó varðandi framlífssönnun, en sem mér þykir athyglisvert af því að það sýnir nokkurn veginn ljóslega fram á, að þetta, sem miðillinn heldur vera "sálfarir", er ekki annað en það, sem vanalega á sér stað í svefni, að skynjanir og hugsanir einhvers annars koma í stað manns eigin.

Frásögn miðilsins byrjar á því, að hann segist fara úr líkamanum, og ber þess þá að gæta, að hið fyrsta í leiðslu hans er, að hann þykist áður, þar sem hann liggar í rúmi sínu, sjá út í "óendanleikann", sem auðvitað getur þó ekki komið til greina, að hann sjálfur hafi gert innan veggja svefnherbergisins. Síðan segir frá því, að hann fari fram í skála (innri forstofu) og þaðan inn í dagstofu og setjist þar á stól, og hlýtur einnig að vera misskilningur, því að allan pennan tíma horfir hann á pennan bláa himinn, sem honum virðist þó vera á hreyfingu. Úr sæti sínu segist hann svo sjá út á fjörð, og væri nú að vísu fróðlega að vita, hvort raunverulega sér út á nokkurn fjörð úr dagstofu miðilsins. Síðar talar hann um, að fjörður þessi hafi verið merlaður tunglsljósi eftir litbrigðum að dæma, og væri þá einnig athugandi, hvort tungls hafi notið eða ekki, þegar þetta átti sér stað. Sýn þessi segir hann að hafi haft þægileg áhrif og svalandi, að hún hafi færst til og hann hafi ekki séð neitt land, sem að vísu er í nokkru ósamræmi við það, sem áður var sagt, að hann hafi horft út á fjörð. Þó má það vera samkvæmt því, sem á eftir segir, að hann horfði á, því að hann segir að sér hafi boðið það í grun, að land væri ekki langt frá, og er þetta því í mikilli líkingu við ógreinileik þess, sem venjulega gerist í draumi. En þó að ég tæki svo til orða, að fróðlegt væri að vita, hvort tungls hafi gætt, þegar þessi leiðsla fór fram og hvort úr dagstofu miðilsins sjáist út á nokkurn fjörð, þá þarf varla að spryja þannig varðandi sumt það, sem á eftir segir, því að svo auðsæilega er þar verið að lýsa því, sem ekki gat borið fyrir í nágrenni miðilsins, og reyndar naumast á þessari jörð. Segir þar að vísu fyrst frá því, sem miðillinn telur að sér hafi ekki þótt svo merkilegt vegna þess, hve ýmislegt slíkt hafi oft borið fyrir sig áður, en það er dalverpi lftið, kjarri vaxið annars vegar, en hins vegar með grasbletti líka túnum, lyngásar hið efra. Síðan sér hann af einhverri hæðarbrún út yfir óravfáttu af fögru landi, þar sem skiptust á lágir skógar, lyngásar og stöðuvötn sums staðar á milli, en í mikilli fjarlægð annes, eyjar og sker. En það, sem einkum bendir út fyrir umhverfi hans og jafnvel þessa jörð, eru hin stórkostlegu litbrigði loftsins ásamt hinum þægilega klingjandi bjölluhljómi og svo hinir fögru og friðsælu mannabústaðir, sem þar naði blöstu við.

Sennilegt þykir mér, að þeim, sem ekki hafa gert sér ljósa ómöguleika sálfaranna, þyki það djarft af méreða þá verra en það að vilja neita því, sem einn og annar miðill telur sig hafa reynt, og skal ég taka það fram, að ég er engum að bera á brýn vísvitandi ósannindi. Mér þykir meira að segja vel geta verið, að sambandsvera miðilsins, sem hann hyggur vera sál sína eða innri mann, geti stundum haft einhverja aðstöðu til að sjá hinn sofandi miðil, og þykir mér þó líklegra, að fremur sé þá um að ræða líkama einhvers annars, sem einhverja sérstaka þýðingu kunni að hafa fyrir þetta svefnafbrigði sem miðilssambandið er. Eins og fram kemur í frásögn Hafsteins, þá virðist þarna einmitt ekki hafa verið um að ræða svefnherbergi hans, heldur einhvers annars. Og til að sýna fram á, hversu miðli getur fundist eftir því, hverju er haldið fram við hann, skal hér að lokum geta þessa : Samkvæmt því sem segir í bókinni Sky g gna konan, sem út kom í fyrra, þótti Margréti Friðrik huldulæknir taka sig með sér í flugvél sína, og þótti henni fyrst sem hún færí með honum án þess að skilja við líkama sinn. En eftir að faðir hennar fór að halda því fram við hana, að slíkt gæti ekki átt sér stað, heldur hlyti hún að skilja eftir líkama sinn, þá fór henni að finnast það.

Þorsteinn Jónsson á Úlfssstöðum.

SAGAN UM OSTKISTUNA.

Svo mun vera til ætlazt, að þeir sem taka sér fyrir hendur að gagnrýna ritverk annarra manna, hafi lesið þau áður. Ekki hef eg að nokkru gagni lesið þau mörgu Njálurit, sem samin hafa verið á undanförnum árum og ekki ætla ég að gagnrýna þau, en þó þykist ég glögglega sjá hvað þar er um að ræða. Því er haldið fram, að Njála sé ekki, eins og við Íslendingar höfum í einfeldni okkar trúað, sagan um Njál og Gunnar og Flosa og þeirra skyldulíð, heldur skáldsaga eða lygisaga eins og slískur samsetningur var nefndur. En þó er ekki látið við þetta sitja, því að nú mun sú skoðun vera að komast í tízku, að Njála sé þrátt fyrir allt saga um raunverulega atburði, aðeins ekki þá atburði sem hún segist vera um, heldur Sturlungaaldarviðburði, grímuklædda. Njála er ekki Njáll og Flosi er ekki Flosi, heldur Þorvarður og Höskuldur er Þorgils skarði o.s.frv., og hér er það sem menn þykjast aftur ætla að koma fyrir sig fótunum. En verður þeim stætt á

þessu til lengdar? Það held ég ekki, nýjar leiðir verður að reyna og munu verða reyndar. En hvað er það þá, sem getur leyst vandann? Hver er skýringin á skýringunni? Hún er auðfundnari en margur hyggur. Því ekki að gera ráð fyrir því, að þeir bréttándu aldar menn, sem koma fram í gervum Njálssögu, hafi verið að leika söguhetjurnar og tekist það svo vel, að "sagan hafi endurtekið sig" í bókstaflegum skilningi. Með því væri skrefið stigið til fulls og allt "komið í kring", og Njálu mætti þá að nýju fara að lesa eins og hún kemur fyrir.

Eitt atriði er það úr Njálugagnrýnni sem hlýtur að rifjast upp í þessu sambandi. Maður nokkur, ekki óþekktur, var að halda því fram að Njáluhöfundur væri svo óraunsær, að hann hirti ekki um það stundinni lengur hvað hann væri áður búinn að skrifa, og líkt honum að þessu leyti við útlenda samtímmenn hans, sem mjög ruglingslega skrifuðu. Njála væri "miðaldalistaverk". Eitt dæmið um þetta átti að vera sagan um ostkistuna. "Ostkistan, sem ein bjargaðist þegar annað brann." Gagnrýnandinn mun hafa hugsað sér að ostkistan væri kista, sem ostar væru geymdir í, og þótti því kyndugt að hún skyldi koma við sögu eftir að Melkólfur hafði brennt útibúrið. Það er þetta atvik og vandræði gagnrýnandans með það, sem minnir mig svo sterkelega á alla Njálugagnrýnina. Það var engin þörf á að gera þetta veður út af ostkistunni. Hún var ekki kista, heldur ostamótin, og var allan tímann inni í bæ og kom þess vegna aldrei til að hún brynni.

Porsteinn Guðjónsson.

HJALTASYNIR A ÞORSKA FJARDARÞINGI

og vísan, sem þá var ort.

Í alkunnri vísu eftir Braga Boddason, sem tilfærð er bæði í Eddu og Heimskringlu, er talað um hin áttu ennitungl nautanna, sem áttu að hafa dregið Sjáland á sæ út. Í skýringum og orðabókum er sagt, að þetta séu augu nautanna, en ég hygg, að það sé rangt og að það séu hornin, sem átt er við, enda væri óeðlilegt að segja, að nautin hafi borið "augu og höfuð", en "horn og höfuð" á vel saman, og má minna á kenninguna "hátún horna tveggja", sem kemur fyrir á öðrum stað. Er hornunum, í vísu Braga, líkt við tungl á fyrsta eða þriðja kvartili, "mjóan mána" eins og sagt er, og á sú líkning engu síður vel við en ennimáni, sem þýðir auga hjá Agli Skallagrímssyni.

Önnur vísa, þar sem "ennitungl" kemur fyrir, er sú, sem ort var um það, þegar Hjaltasynir gengu á Þorskafjarðarþing og voru að koma til liðs við skáldið Odd, vin sinn. Þar er enn augljósara, að átt er við horn, ef rétt er á litið, en sú skýring hefur dulizt útgefendum, og skal henni því komið á framfæri hér. Vísan er svona :

Manngi hugði manna
morðkannaðra annat,
íssarns meiðr, en Æsir
almærir þar færði,
þá er á Þorskafjarðar
þing, með ennitunglum
holtvartaris, Hjalta
harðfengs synir gengu.

"Ennitungl holtvartaris", sem synir Hjalta gengu með á þingið, eru nautshorn, sem fest voru á hjálmana, og má oft sjá þennan höfuðbúnað á myndum af víkindum og vikingaleikurum nútímans. Var þessi síður ævaftorn og efalaust tengdur einhverjum trúarhugmyndum.

Þess er ekki getið, að nein vígaferli hafi orðið á þinginu, og er því full ástæða til að ætla, að því hafi lokið friðsamlega. Má setja það í samband við það, hve Æsir voru mönnum hugstæðir á þinginu, því að Ásatrú boðaði mönnum frið og sáttfýsi eins og öllum má vera ljóst, sem nokkurn snefil af skilningi hafa á þessum fornu fræðum, sem við Íslendingar höfum varðveitt einir þjóða, og þó ekki okkur einum til gagns og heiðurs, heldur öllum, sem þiggja vilja og eru hæfir til að þiggja.

Laxdælasaga getur þess, sem einnig segir í Landnámu, að erfisdrykkjan eftir Hjalta í Hjaltadal, föður hinna frægu bræðra, hafi verið fjölmennust veizla á Íslandi og boðsgestir verið 12 hundruð stór eða um 1440. Er mér ekki kunnugt um, að svo stórmannlega hafi verið til veizlu boðið síðar ekki heldur á hinni auðsælu tuttugustu öld, og er þetta eitt meðal annars, sem sýnir, að tifundu oldina eða öld. Ásatrávarinnar ber enn haest í sögu Íslands. Og þó er það svo, að frá þeirri öld er það enginn einstakur, sem gnæfir yfir aðra eða einstök ætt eins og Sturlungaættin á 13. öld, heldur er mannvalið svo mikil og gott að þar er hver öðrum betri. En Hjaltasynir hafa sennilega goldit þess, að síðar var reistur biskupsstóll í héraði þeirra, og ekki orðið eins frægir á síðari tínum og efni stóðu til, því í nánd við biskupsstólana voru engar sögur ritaðar, sem geymzt hafi (nema kristilegar), en í flestum héraðum öðrum. Árnessýsla og Skagafjarðarsýsla eru með sögusnauðustu héraðum landsins, jafnframt því að vera hin auðugustu og mannflestu, og kemur þetta engum á óvart, sem gert hefur sér grein fyrir þeim örðugleikum, sem

hin íslenzka sagnaritun átti við að stríða, og hvað það var, sem kyrkti hana í greip sér að lokum, á fjórtándu öld.

Eða hvar halda menn, að auðurinn og valdið og virðingin hafi verið á þeim tíma?

Þorsteinn Guðjónsson, stud. mag.

Í LJÓSI FRÁ ÍSLANDI

Í 18. og 19. Sunnudagsbl. Tímans er sagt frá tæki til fjarlæknings og fjarmyndana, og virðist mér að í rauninni sé þar ekki um annað að ræða en eitthvað samskonar þeim tækjum og aðferðum, sem menn oft áður hafa beitt til þess að sjá fram í tímann og annars slíks. – Eins og kunnugt er, þá hafa alltaf verið til menn, sem sáu í fjarlægð, og fengu hugboð um óorðna atburði, og má þar til nefna hinn sánska spámann, Emanuel Swedenborg. En í stað þess að öðlast slíkt fyrirhafnarlaust, hafa, eins og ég sagði aðrir beitt til þess ýmisskonar tækjum og aðfeðum, og hefir það, þótt undarlegt kunni að virðast, ekki alltaf reynzt árangurslaust. Þannig var um skeið mikið talað um sannspár Adams Rutherford, sem hann taldi sig lesa út úr þýramídanum mikla á Egyptalandi, og læt ég ódæmt um áreiðanleik þess alls. En um eitt veit ég, að spámaður þessi hafði rétt fyrir sér, enda hið eina í spádomum hans, sem máli skipti að vita. Það var boðskapur hans um ljós frá Íslandi, sem verða mætti til þess að lýsa þjóðunum fram á betri brautir. Nú hefir að vísu þessum boðskap ekki mikið verið haldið á loft, líklega síður en flestu því, sem spámaður þessi talaði um. En raunveruleikinn er þó sá, að slíkt ljós hefir hér tendrað verið, og á ég þar við kenningar dr. Helga Pjeturss um heimsamband lífsins og það, sem skilja má og framkvæma í því ljósi. Og í því ljósi er það nú einmitt að skilja má þetta, sem hér var vikið að. Hvort heldur stuðzt er við ákveðnar aðferðir og tæki eða ekki, þá verður allt slíkt fyrst og fremst fyrir kraft og tilstilli lengra kominna fábúa annarra hnatta. Að tala um 4. rýmd eða eitthvað fyrir utan tíma og rúms, greiðir hvergi fyrir skilningi, og er það af beirri einföldu ástæðu, að slíkar "skýringar" eru með öllu óskiljanlegar. Utan tíma og rúms táknar nákvæmlega hið sama og aldrei og hvergi. Hitt liggur aftur á móti ljóst og einfaldlega fyrir, að það sem menn sjalfir ekki geta en gerist þó, hljóti að vera framkvæmt af einhverjum öðrum máttugri þeim

og vitrari, og þar sem engir sliðir eiga heima á þessari jörð. hljóti þeir að vera íbúar einhverra annarra. Og sem betur fer vita menn það nú lok, að fleiri jarðir muni vera til en þessi.

Porsteinn Jónsson

á Úlfssstöðum.

KRAFTUR LÍFS OG HUGSUNAR:

I.

Um leið og víssindamenn eru nú æ meira að komast á þá skoðun, að hugsanaflutningur eigi sér stað manna á milli, komast þeir einnig að þeirri niðurstöðu, að ekki geti þar verið um að ræða rafmagn né annan þekktan kraft. Samkvæmt athugunum og mælingum er rafmagn það svo lítið, sem frá mannsheila geislar, að óhugsanlegt er talið að það geti haft nokkur áhrif nema um örstuttan spöl, jafnvel ekki nema fáeina millimetra. En hinsvegar hefir verið sannað, að huggeislann munar ekki um vegalengdir sem hundruðum eða jafnvel þúsundum km. skiptir. Og þar sem einnig kvað nú hafa verið sannað með tilraunum að þessi geislan, sem frá mannsheila stafar, huggeislunin hindrist ekki af efni, sem talið er geishahelt, þá virðist hér vera um samskonar stigmun að ræða og er á því að hrópa út f loftið og hinu að njóta síma eða útværps, sem óþekkt voru til skamms tíma, getur eins og kunnugt er rödd manns borist mjög margfalda þá vega lengd, sem hún annars getur borizt, og með mjög margföldum hraða, og er nú samkvæmt áminntum athugunum mikil ástæða til að ætla, að samskonar stigmunur muni vera á því að senda hugskeyti og útvarpsskeyti. Eða svo að nokkru fastara sé að orði kveðið, þá virðist það mega heita sannað, að geislan lífs og hugsunar sé ákaflega miklum mun langfleygari. En margt er það, sem skilið mundi verða á annan hátt en nú er gert um leið og svo reyndist.

II.

Fyrir skömmu las ég hina nýlega útkomnu bók Haralds Schjelderups, Furður sálarlífsins, og er þar eins og við er að búazt fyrst og fremst byggt á hinni ríkjandi sálfræði. En auk þess að taka þó ekki allar kenningar sálfræðinnar trúartökum, fellst hinn gætni og gjörhuguli bókarhöfundur ekki einungis á það, að hugsanaflutn-

ingur eigi sér stað, heldur einnig, að ýms þau fyrirbæri hafi átt sér stað hjá miðlum, sem langbeinast liggi við að telja, að stafað hafi frá samböndum við framliðna menn. Sjálfstæðar vitundir kannast hann við að komið hafi fram á miðilsfundum, sagt sig vera einn eða annan framliðinn mann og fært fyrir því margs konar óhrekjan legar sannanir, sem undir öllum öðrum kringumstæðum hefðu verið teknar alveg fullgildar. En samkvæmt hinni rískjandi sálfræði reynir hann þó að skýra þetta allt með því að gera ráð fyrir hugklofnun hjá miðlinum, og gerir hann það auðvitað fyrst og fremst af því að honum virðist, líkt og mörgum vísindalega hugsandi mönnum, að framlíff geti ekki átt sér stað. Og satt er það, að mikil hafa þeir menn til síns máls, sem bannig hugsa, því að auðvitað er öll vitundar og líffstilvera óhugsanleg án heila og annarra líffæra. En eitt af því sem greiða mætti úr út frá niðurstöðunni hér að framan varðandi geislan lífs og hugsunar, er þessi ósamkvæmni náttúrufræðilegrar framlífsneitunar annars vegar og hinna margs konar framlíffssannana hins vegar. Svo sem öllum ætti að vera ljóst, þá er öll geislan fyrst og fremst falin í viðleitni geislandans til að framleiða sig á öðrum stað, setja sinn snúð á það, sem áhrif hans ná til. Og fari nú menn að gera sér ljóst, að ekki einungis stafi geislan frá hverjum lifanda, heldur muni sú geislan vera mörgum sinnum langfleygari og hraðfleygari en öll önnur áður þekkt geislan, þá gæti ein afleiðing þess orðið sú, að þeir færu að sjá fram á fullkomlega náttúrufræðilega möguleika til þess að skýra miðilsfyrirbærin á þann hátt, sem hinn merki sálfræðingur jatar, að beinast liggi við. Niðurstaðan gæti farið að verða það, sem dr. Helgi Pjeturss hélt fram fyrir löngu, að í dauðanum byggist einstaklingurinn upp aftur á einhverri annari jörð, og að þaðan geti hér svo aftur komið fram áhrif frá honum, þegar skilyrði eru fyrir hendi slík sem eru á miðilsfundunum.

III.

Sumt er það, sem svo ljóst og einfaldlega liggur fyrir, að þar ætti ekki að geta verið um vafa eða deiluefni að ræða. Eitt af þessu er það, að öll tilvera hljóti að vera einstaklingstilvera, og þá ekki síður hitt, að hún sé um leið ævinlega sambandstilvera. Mætti jafnvel ætla, að þetta sé of sjálfsagt og eðlilegt til þess, að ævinlega hafi verið eftir því munað, því að hefðu menn ævinlega haft það í huga, þá hefði hún aldrei orðið til þessi tváhyggja eða að greining efnis og anda, sam raunhyggjumenn eru svo tregir til að fallast á. Eindin hlýtur að sjálfsögðu að vera hvarvetna undirstaða alls raunveruleika, en það þýðir, að öll tilvera hlýtur að vera lískamleg. Og á hinn veginn geta svo ekki orðið til réttar ályktanir ef ekki er byggt á því, að öll tilvera sé sambandstilvera, því að án sambanda við annað getur ekkert verið eða hafa orðið til. Frumorsök hvers eins er samband þess við annað, og verður út frá því óhjákvæmileg sú ályktun, að heimurinn sé óendanlegur bæði í tíma

og rúmi. Og eitt dettur mér enn í hug, sem telja má ámóta sjálf-sagt og hin tvö meginatriðin, sem ég nefndi. Vtnist manni eitt-hvað, þá getur ekki verið nema um það tvennt að ræða, að annað hvort hafi maður aflað sér vitneskjunnar sjálfur, eða þá að hann hafi þegið vitneskjuna af einhverjum öðrum, sem annað hvort hefði sjálfur aflað sér hennar eða þegið hana af einhverjum enn öðrum. Og eftir þessu meginatriði get ég nú ekki betur séð, en að sál-fræðingar hafi yfirleitt ekki nógu vel munað. Í rauninni er það svo fráleitt, að maður getur ekki annað en furðað sig á, að slíku skuli vera haldið fram, að vitneskja geti nokkru sinni komið fram af sjálfu sér eða án vitandi vitstarfsemi. En hitt að um sé að ræða heimssamband vits og lífs þar sem hver sækji það til annars, sem hann getur ekki aflað sér sjálfur, það stangast aftur á móti ekki á við hinar einföldu sannleiksundirstöður, heldur er þvert á móti hin eðlilegasta ályktun út frá þeim. Séð út frá hinum sjálfsgöðu skilningsundirstöðum er ekkert eðlilegra en það, að þetta, sem sálfræðingar telja vera einungis hluta af vitund miðilsins, sé í rauninni þetta, sem það segist vera, vitundaáhrif framliðinna manna, og að hver vitneskja, sem ekki gat hafa veriðsótt til neinna af sínum þessarar jarðar, hljóti að vera frá þeim komin eða þá. Öðrum sínum annarra jarða. Og fari menn nú að átta sig á því, sem þeir virðast nú vera að byrja að átta sig á, krafti lífs og hugsunar, auðnist þeim að gera sér það ljóst; að geislan lífs og hugsunar er alveg eins eðlileg og geislan ljóss og rafseguls, þó að á öðru stigi sé, þá munu þeir ekki einungis læra að átta sig á uppruna allrar yfirmannlegrar vitneskju og öðru slíku, heldur einnig læra að færa sér hana í nyt eða afla hennar eftir þörfum og vild á markvissan og öruggan hátt. En þegar á þá braut væri komið, mundi reyndar ekki einungis verða um að ræða öflun vits og bekkingar, heldur einnig aukins lífs og góðvildar, aukinnar fegurðar.

Porsteinn Jónsson á Úlfssstöðum.

ÚR BRÉFI FRÁ BJARNA Á BREKKU.

Ég verð að segja eins og er, að ég stend stundum eins og högg-dofa yfir ástandi aldarfarsins og hvernig það nú stefnir sem þver-ast gegn óskum og vonum mínum þeim, sem ég gerði mér fyrir svo sem 30 til 40 árum. Daglega rignir yfir mannfréttumaf vax-

andi andstillingu, styrjaldarundirbúningi og öðru slíku. Ofan á þetta bætast svo fréttir um slysfarir, náttúruhamfarir að ógleymdum óknyttum æskumanna, sem von bráðar taka við stjórn hinna vandamiklu viðfangsefna. Æg hefi oft hugsað til þess, er dr. Helgi telur í ritgerð í Ennýal, að árið 1925 hafi verið hættuárið, og gerði hann þar þó ekki ráð fyrir svo miklu valdi heimskunnar, sem raun hefir á orðið. Lengi vel baði ég þessari hugsun frá mér, en rak mig þó þráfaldlega á raunveruleik hennar, jafnvel í þróngum hring umhverfis míns. En við lestar ritgerða um hina stóru atburði út í heimi þykist ég nú geta greint upphaf rangstefnu frá þessu eða næstu árum. Æg hefi líka dálitla reynslu fyrir mér í því, að forystumenn fræðslumála hafi á þessum árum haft meiri og minni tilhneigingu til að þegja niður hina nýölsku hugsun. Æg gerði mér miklar vonir um, að stefna okkar mundi festa rætur meðal uppvaxandi æskulýðs á landi hér, eða nokkurs hluta hans til að byrja með, og mundi nú vera nokkuð annað andrúmsloft hér, ef þó ekki væri nema einn fimmti hluti æskufólks, sem hugfanginn hefði þá orðið af speki Nýals. En áhugi framámannna margra beindist aftur á móti að því að smala ungu fólk undir merki ýmsissa stefnumála, sem voru miður þjóðleg sum. Aðrir leiðendur stjórn-udust hinsvegar af sinnuleysi og sljóleika. En allt varð þetta að tilstuðlan utanaðkomandi myrkraafla á öðrum stjörnum, þó að þeir háu herrar hér gerðu sér vitanlega ekki grein fyrir því. Rétt er að geta þess að ekki voru þó allir skólakennrarar undir þessa sök seldir á þessum árum. Gamall nemandi – nú prestur hefir sagt mér, að Steindór Steindórsson kennari við Menntaskólan á Akureyri hafi hvatt nemendur sína til að lesa Nýal. En mig grunar, að margir þeirra hafi látið það undir höfuð leggjast. Til þess að fá menn til að leggja eyru að nýjum boðskap, þarf lifandi sannfæringarkraft og hikleysi.

En þó að mistækist þarna og að hin illu öfl hafi jafnan verið sterkari hér, þá er ekki þar með sagt, að þau vinni fullnaðarsigur. Ýmislegt bendir nú til þess, þrátt fyrir allt, að betri tföndu sé að vænta áður en langt líður. Hefi ég hér í huga þann mikla, áhuga sem vakinn er nú á geimrannsóknum og það stórfellda fjármagn, sem til þeirra er varið. Virðist það nú vera sannfæring flestra vísindamanna, sem við þetta fást, að til séu í hinum óendenlega geimi lifendur viðar en hér, þó að barnalegar séu enn sem komið er aðferðir þær, sem þeir hugsa sér til að komast í samband við þá. En úr því að áhugi er vakinn, gæti þó orðið stutt þangað til réttu marki væri náð.

19. apr. 63. Bjarni Bjarnason.

PRJÁR GREINAR:

SAMBAND VIÐ GUÐI FORNMANNA

Ef sambandsmál komast á rétta leið (skv. kenningu dr. Helga Þjéturss) munum við Íslendingar óefað taka upp betra og nánari samband við guði forfeðra okkar, Óðinn, Þór, Baldur og hina aðra guði, sem Snorri segir okkur svo merkilega af í Eddu sinni. Munum við þá verða aðnjótandi magnanar frá þeim og þeir munu stilla okkur til sambanda við enn guðlegri verur sem standa þeim ofar. Því þannig mun leið magnarinnar vera : Hún kemur alla leið ofan frá hinum guðlegustu verum og til þess að komast til hinna ófullkomnustu mun hún þurfa að nota sem milliliði eða millisambönd, verur á mismunandi háu þroskastigi, sem flytja magnanina frá hinum æðstu verum til hinna lægstu.

Ingvar Agnarsson.

UM LÍFMAGNAN.

Í draumi sjáum vér og skynjum vöku reynslu draumgjafa vors. Vér getum sagt að þá séum vér í beinu vitundarsambandi við draumgjafa vorn. Eftir því sem þetta vitundarsamband vort er við æðri veru, því meiri magnanar verðum vér aðnjótandi. Ekki mun þó sú magnan stafa nema að nokkru leiti beint frá draumgjafanum, heldur mun þetta beina vitundarsamband öllu fremur verka sem stilliáhrif upp á við til miklu fullkomnari lífstöðva, þaðan sem vér fáum aðsenda enn fullkomnari tegund orku, sem verkar þannig, að í svefn endurnýjast lífsþróttur vor og því betur, sem vér verðum aðnjótandi betri stilliáhrifa.

Ingvar Agnarsson

LIFNUN.

Lifandi sameind verður til úr miklum fjölda frumeinda og mun lifnun hennar gjörast í einni svipan, er sérstök skilyrði eru fyrir hendi. Mun verða að vera til staðar afslvæði nokkurt, ekki óáþekkt því, er til þarf, svo að nýr einstaklingur verði til, eða þegar nýr líkami myndast á annarri stjörnu eftir lát einstaklingsins hér.

Ingvar Agnarsson,

17. júní 1957

STJÖRNUDRAUMUR, 10. febrúar, 1963.

Mig dreymdi, að ég horfði á alstirndan himinn. Voru margar stjörnurnar mjög bjartar, fleiri að tiltölu, en þær björtu stjörnur, sem sjást með berum augum héðan af jörð. Voru þær sumsstaðar þéttari en annarsstaðar og mynduðu einskonar stjörnumerki, en ekki get ég munað lögum neinna þeirra. Renndi ég augum um mjög stórt svæði himinsins og reyndi að finna eithvað stjörnumerki, sem mér væri kunnugt og datt í hug Orion og Sjöstjarnan, en ekki tókst mér að finna neitt í lískingu við þau. En á einum stað, mjög hátt á lofti, í austurátt að mér fannst, var ein stjarna og heldur dauf, sem var einkennileg að því leiti að umhverfis hana var allbjartur baugur, sporöskjulagaður. Datt mér strax í hug, að þetta hlyti að vera Saturnus, en er ég hugleiddi það nánar, fann ég, að það gæti varla staðist, því hann mundi ekki sjást svo vel, með berum augum, auk þess gæti hann ekki verið svo hátt á lofti. (Hef ég þá, eða réttara sagt, draumgjafi minn, vafalaust haft í huga hnattstöðu Íslands). Allengi sat ég og athugaði þennan fagra stjörnuhimin og við og við leit ég þangað, sem þessi sérkennilega stjarna var. Loks óskýrðist allt og draumsýnin hvarf.

Í draumi þessum hlýt ég að hafa séð stjörnuhiminn annarrar jarðstjörnu, með augum draumgjafa, sem horft hefur til himins einmitt á sömu stundu, sem mig dreymdi þetta. Einkennilegt er, að draumgjafi minn virðist hafa haft minningar um stjörnumerki okkar jarðar. Gæti það bent til þess, að hann væri fluttur héðan til núverandi heimkynnis síns og að hann hafi þarna verið að gera samanburð á stjörnuhimni hinnar gömlu og nýju jarðar sinnar.

Ingvar Agnarsson.

SÉÐ TIL FJALLA Í DRAUMI.

Mig dreymdi að ég sat úti á sléttlendi ásamt öðrum manni. Horfðum við til fjalla í allmikilli fjarlægð. Þótti mér í fyrstu, að fjall-ið, sem næst var, mundi vera mér kunnugt og fannst mér það heita Búrfell. Áttaði ég mig samt á, að ekki var þetta fjall neitt líkt því fjalli, sem ég í draumnum þóttist hafa endurminningu um,

en sem ég hef ekki úr vöku. En er ég fór að virða fyrir mér fjöllin tvö á bakvið, féll ég alveg frá, að ég kannanðist neitt við þessi fjöll. Sat ég um stund og virti þau fyrir mér hugfanginn, því fegurð þeirra var mikil, bæði form þeirra og þó einkum litbrigði. Nálægasta fjallið var að mestu (ljósrautt að lit) en fjarsta fjallið (í bláleitum litbrigðum). Þótti mér að það mundi vera afarhátt, enda gnæfði það upp fyrir hin, sem nær voru.

Benda má á, að í fyrstu finnst mér í draumnum, sem ég kannist við þessi fjöll, en er ég virði þau betur fyrir mér, kemst ég að raun um, að þau eru mér að öllu leiti ókunn. Í upphafi draumsins er því um rangþýðingu að ræða, en er draumurinn skýrist og samband við draumgjafann verður fullkomnara, hverfur rangþýðingin.

Ingvar Agnarsson, 5. feb. '63

DRAUMUR

Ingvar Agnarsson, 28. ág. 62

Mig dreymdi að ég var staddur í mjög stórum sal. Var hátt til lofts og svo vítt til veggja að ég veitti þeim ekki eftirtekt. Allmargt fólk var þarna, hér og þar um salinn, og þótti mér það vera að undirbuá stóra samkomu, sem ætti að hefjast innan skamms.

Nú komu nokkrir menn til mínn og töluðum við saman um stund. Ekki man ég um hvað við töluðum. En síðan hóf ég mig til flugs og sveif um salinn. Þótti mér margir veita þessu flugi mikla athygli. Gekk síðan á þessu alllengi að ég ýmist sveif eða kom niður aftur og talaði við fólkis. Létu margir í ljós, að þeir vildu læra þessa íþrótt. Sagði ég þeim, að þetta væri ekki svo mikill vandi, en að þeir byrftu að læra að einbeita huganum og hreyfa sig á réttan hátt. Sýndi ég þeim svo með dæmum hvernig fara skyldi að. Sprynti ég mér frá gólfínu og fór í ýmsa sveiga og hreyfði hendur og fætur ekki óliskt því, sem gert er, þegar synt er bringusund, og þó ekki eins. Kom ég svo niður annað slagið og útlistaði aðferðina fyrir fólkini. Skildist mér að margir hefðu áhuga á að fara að reyna þetta, og fóru sumir að gera tilraunir, með því að reyna að stökkva eins og ég var að sýna þeim, en þeim tókst ekki og urðu úr því aðeins venjuleg stökk.

Parna hefur draumgjafi minn verið allmiklu magnaðri en þeir, sem hann átti tal við. Mun hann hafa verið gestur þarna, og verið að kenna fólk, ef til vill í sambandi við væntanlega komu góðra gesta frá annarri stjörnu. Ekki kom það reyndar fram í draumnum, að hinir væntanlegu tignu gestir, væru frá örðrum hnerti, en mér fannst eins og vonast væri eftir enhverju mjög merkilegu í sambandi við komu þeirra og því læt ég mér detta þetta í hug.

SKRIFAÐ ÓSJALFRÁTT

(Láttinn faðir ræðir við son sinn)

XIII.

Petta er ég, elskulegi drengurinn minn.

Ég hefi verið að vonast eftir að ná sambandi við þig, en ekki tekist það fyrr en nú. Það sem mér liggar helzt á hjarta er að segja þér frá því, sem á daga mína hefir drifið síðan við sáumst síðast. Það er mér mikils virði að geta sagt þér það, sem ég læri. Með því flýti ég fyrir þroska þínum og annarra, sem petta lesa.

Nú hefst frásögnin :

Ég var ekki búinn að vera hér lengi, þegar ég komst á lag með að lesa úr ráðgátum tilverunnar, sem mér höfðu verið óleysanlegar áður. Ég komst að raun um það, að ekki er til það líf, sem deyr eftir að það hefir kviknað. Að vísu getur allt lifandi dáíð, en það lifnar alltaf aftur. Petta sá ég, þegar mér gafst tækifæri til að athuga lífsferil ýmissa jurta og dýra frá byrjun. Byrjunin verður, þegar jurt vex upp af fræi eða dýr af eggvi, sem verið hefir frjóvgað. Petta sjáið þið á ykkar jörð. En ég sé dýrin og jurtirnar eftir að þau hafa lifað mörg æviskeið, og er þá mikil breyting á þeim orðin. Dýrin hafa öðlast mannsvit og eru farin að mótað í þá átt. Hundar hafa hér vísi til handa. Þeir nota framfæturna til þess að búa eitthvað til, t.d. hundahús. Þeir muna eftir jarðlífum sínum og eru þeim tryggir, sem voru þeim góðir. Sennilega verða þeir að mönnum áður en lýkur.

Jurtirnar hafa öðlast vitundarlíf. Þær geta hugsað og brugðist rétt við ýmsum óvæntum atvikum. Einnig geta þær flutt sig úr stað, ef þörf krefur. Þær eru á leiðinni að verða að dýrum og síðan að mönnum.

Nú veit ég að margir munu hneykslast á mér og segja að ég sé að fara með rugl eða vitleysu. En ég held, að petta sé alveg rétt samkvæmt því, sem ég hefi séð hérna og heyrt.

Látum svo petta nægja í bili.

Góða nótt.

EINŠ OG TVEIR DROPAR.

THOMAS STOCKIE, sem býr í Lancashire í Englandi, var að höggva brenni, og varð þá fyrir því ólani að reka öxina í auga sér. Augað bólnaði upp þegar í stað.

Á sama andartaki var tvíburabróðir hans staddur margar mflur frá þeim stað, sem slysið gerðist, en nákvæmlega á sömu sekúndu kenndi hann sársauka í öðru auganu.

Í Suður-Afríku búa tvíburabréðurnir Mike og Dick. Þeir vinna báðir á skrifstofu og þeir eru vanir að hryggjast og gleðjast yfir hinu sama. Fyrir nokkru fór Dick til tannlæknis til þess að láta taka úr sér tönn. Á samri stundu sat Mike bróðir hans á skrifstofunni, langt í burtu frá tannlæknastofunni. Um leið og tannlæknirinn dró tönnina úr Dick, kenndi Mike sársauka í tönn.

Öðru sinni slasaðist Mike alvarlega í umferðaslysi og var fluttur á sjúkrahús. Bróðir hans kenndi sársauka eins og eftir bylmingshögg, enda þótt hann væri staddur langt frá slysstaðnum. Enginn hafði sagt honum frá slysinu. Samt fór hann þegar í stað beinustu leið til sjúkrahússins, þar sem bróðir hans lá. Það var ekki um að villast, að hann hafði fengið hugboð um það, sem kom fyrir tvíburabróður hans.

Hjá sex ára gömlum eineggja tvíburum, Jimmy og Johnny Cramp frá Hastings í Englandi, koma svipaðir eiginleikar í ljós. Fyrir nokkru voru þeir prófaðir með hliðsjón af áðurnefndum hugsanaflutningi með tvíburum. Þeir voru settir sitt hvoru megin við vegg þannig að þeir gátu ekki séð hvor annan. Báðir fengu þeir teikniblokk og litaöskju. Þeir opnuðu öskjuna nákvæmlega á sömu sekúndu, tóku úr henni einn lit – sama litinn – og byrjuðu að teikna í bækurnar. Á eftir kom í ljós, að teikningarnar voru sláandi líkar. Þeir hættu á samri stundu og kölluðu báðir samtímis á móður sína.

Þeir voru látnir vera áfram sitt hvoru megin við vegginn og það kom í ljós, að þeir gerðu ævinlega hið sama samtímis. Þegar Jimmy lagðist á gólfíð og byrjaði að krafsa á það, var Johnny þar svo að segja á samri stundu – sín megin við vegginn vel að merkja. Móðir þeirra segir svo frá, að oft komi fyrir að annar þeirra byrji á setningu, sem hinn botni. Ef einhver kitlar Johnny, þá byrjar Jimmy að hlæja, enda þótt hann sé í öðru herbergi.

Slískir eiginleikar koma einnig fram hjá eineggja fjórburum. Fjórburarnir Ann, Ernest, Paul og Michael Miles búa í Huntingdonshire í Englandi. Þeir finna allir samtímis til sársauka, þegar einhver meiðir sig, enda þótt þeir séu aðskildir og það meira að segja hundruð mflur hver frá öðrum. Þegar Ann fær kvef, vita foreldrarnir, að strákarnir eru líka komnir með kvef. Þannig þurfa þeir ekki að hafa nema einn fjórburanna hjá sér til þess að geta fylgzt með líðan þeirra allra.

Eineggja tvíburar myndast þannig að einstök eggfruma skiptir sér. Ef hún skiptir sér í fjóra hluta myndast fjórburar. Það er ekki einvörðungu að þessir einstaklingar líkist hver öðrum í útliti og háttum. Þeir hugsa einnig líkt og á sama tíma. Þessir eiginleikar halda sér, enda þótt eineggja tvíburar séu aðskildir strax eftir fæðingu.

Edwin og Fred, eineggja tvíburar, fæddir í Ameríku eru gott dæmi um þetta. Drengirnir voru ættleiddir af ólíkum foreldrum aðeins fáum mánuðum eftir fæðinguna. Foreldrarnir bjuggu í þúsund mílna fjarlægð hverjir frá öðrum. Þeir mættust, þegar tvíburarnir voru orðnir fullorðnir og sögðu nauðalíkar sögur af þeim. Báðir höfðu þeir gerzt símritrarar og það kom í ljós, að þeir höfðu kvænzt samtímis, valið sér konur, sem voru nauðalíkar bæði í útliti og skapgerð. Ofan á allt þetta urðu þeir feður samtímis.

Frægstu eineggja tvíburar, sem sögur fara af, eru sennilega frönsku vísindamennirnir Jean Piccard prófessor og August Piccard prófessor. Báðir völdu þeir sér vísindin að ævistarfi, en annar gerði að lífsstarfi sínu að rannsaka hafdjúpin, en hinn háloftin. Aðrir frægir tvíburar eru brezku krikketleikararnir Alev og Eric Bedser. Hið merkilega er aðeins, að annar er frægur fyrir hraða í sprótinni en hinn seinagang.

Menn hafa komið að þeirri niðurstöðu, að þessir mismunur hjá tvíburum eigi rót sína að rekja til þess að þeir séu svokallaðir "spegilmyndartvíburar". Hjá slískum tvíburum er algengt, að annar þeirra sé örvhentur. Þetta skýrir kannski ögn, hvers vegna annar Piccard bróðirinn hélt sig við háloftin en hinn hafdjúpin. Báðir voru þeir miklir afreksmenn hvor í sinni vísindagrein.

Eineggjatvíburar og "spegilmyndar-tvíburar" eru læknisfræðileg ráðgáta. En sagan um Joan Henderson og Joyce Ritter, - tvær tólf ára gamlar stúlkur, sem fæddust sama dag á White Planes í New Yorkríki í Ameríku, er sannkallað undur. Stúlkurnar haga sér nákvæmlega eins og eineggja tvíburar, enda þótt þær séu ekki einu sinni skyldar hið minnsta. Þær eru jafnbungar, jafnháar og háraliturninn og augnaliturninn er hinn sami hjá báðum. Þær eru það, sem kallað er "algjörir tvífarar", og dæmi um slíkt eru sárafá. Henderson - og Ritterfjöldskyldurnar eru ekki á neinn hátt

líkar, og þar til Joan og Joyce hittust í skólanum, höfðu fjöldskyldurnar aldrei mætzt. Í skólanum fengu þær alltaf sömu einkunnir. Skapgerð þeirra og áhugamál eru nauðalík.

Vísindin geta ekki gefið neina fullnægjandi skýringu á þessu undarlega fyrirbrigði. Að því er bezt er vitað er aðeins eitt dæmi annað til um þetta og fimmtíu ár síðan það gerðist :

Maður að nafni Adolf Beck var ákærður fyrir rán. Tólf konur fullyrtu, að hann hefði rænt þær. Beck fékk sjö ára fangelsi. En það kom í ljós, að hér var um að ræða herfileg mistök. Beck var ekki fyrr sloppinn úr fangelsinú, en hann var aftur handtekinn og ákærður fyrir ný afbrot. En að þessu sinni fannst sem betur fer hinn réttiaf-brotamaður. Hann var algjör tvífari Becks'.

GÆSIN VAR HETJA DAGSINS.

COLLA POLA heitir flói, sem liggur að hinni sólríku strönd Spánar, Costa Brava. Hann er kunnur fyrir einstæða náttúrufegurð og er eftirsóttur baðstaður. Í fréttum blaða og útvarps hefði hann í sumar einnig getað orðið þekktur fyrir hörmulegt slys, ef ekki hefði komið til kasta gæsar, sem kölluð er " Biba".

Í fjölmög ár hafa fastir baðgestir í Colla Pola veitt eftir-tekt stórra hvítri gæs, sem alltaf hélt til á ströndinni. Hún vagg-aði sér makindalega, betlaði sér mat hér og þar og hegðaði sér á allan máta eins og ósköp venjuleg heimsk gæs. Síðar átti eftir að koma í ljós, að hún var á engan hátt venjuleg og síður en svo heimsk.

Dag nokkurn síðla sumars tók gæsin að hegða sér einkennilega. Í staðinn fyrir að vagga sér letilega tók hún að leggja bað-gestina í einelti og skaprauna þeim á flestan hátt. Í staðinn fyrir að betla sér mat eins og hún var vön, reyndi hún að glefsa í baðföt þeirra og hraðaði sér síðan á brott- í áttina til strandar. Í fyrstu reyndu baðgestir að láta eins og ekkert væri, en gæsin hélt áfram uppteknum hætti, var hin herskáasta, baðaði út vængjunum og hélt langar og hávaðasamar ræður á máli sínu. Þetta endurtók sig hvað eftir annað, og loks voru baðgestirnir orðnir svo þreyttir á þessu, að þeir komu sér saman um að reka hana burt með harðri. hendi. Þeir voru varla staðnir á fætur, þegar " Biba " tók til fót-anna - og öll hersingin veitti henni eftirförl.

Í sama bili og gæsin og hinir reiðu baðgestir voru komin til strandarinnar, gerðist óhappið. Frá fjallshlífinni heyrðust hinir mesti brestir og skruðningar, og þegar fólkid sneri sér við, sá það hvar stærðeflis klettur valt niður hlífina og stefndi beint á staðinn, þar sem þau höfðu sôlað sig og notið veðurbliðunnar fáeinum mínútum áður. Öllum var ljóst, að ef gæsin sú arna hefði ekki hegðað sér svona undarlega hefði fjöldi manns farizt.

Jafnskjótt og hættan var liðin hjá, var "Biba" aftur róleg. Hún vaggðaði sér makindalega og var heldur betur roggin með sig.

Við rannsókn kom í ljós, að kletturinn hafði losnað vegna undanfarandi rigninga. En hvernig gæsin gat haft hugboð um hættuna er ennþá óráðin gáta.

P. s. Manni dettur hér í hug það sem H. P. segir um fuglsheilann, sem fullkomnara viðtæki sumrarguðlegrar geislunar eða guðssamband fuglanna fram yfirmanninn.

P.J.

Mundi ekunda verði um ósíðan ósíðan framleitt vinrökkr, sem neima oiga að skýra. Þóttum, hækur og um yma vandr með myndum og urð ymsar óhættar fóðrum sökum landa. Þá eru annarra myndir að hnatta vori hær með hafin í ræsi og veru. Það meður óvinnungur mundi verða að ósíðan viti vitruvæverur, sem málu okkur miðaum miklu fræmri að viku og broksa. Slik sambund mundu leittu til aldrarskópla, ogu fóður.

FRÁBÆR LEYNILÖGREGLUMAÐUR.

5. DESEMBER 1946 kl. 17.45 var ráðið á unga fallega stúlku í þróngri götu í bænum Wierden í Hollandi. Árasarmaðurinn sló hana í höfuðið með hamri.

Aðeins fáeinum mínútum síðar hringdi síminn í löggreglu-stöðinni í hinum enda bæjarins og árásin var tilkynnt.

Áður en varðstjórin, sem var á vakt þennan dag, sendi löggreglumenn á vettvang hringdi hann í leynilöggreglumann að nafni Gerhard Croiset.

Snjallasti leynilöggreglumaður heims.

Gerhard Croiset er 54 ára gamall og álitinn einhver snjallasti leynilöggreglumaður heims um þessar mundir. Margir eru þeirrar skoðunar, að sá árangur sem Croiset nái í starfi sínu sé óeðli-lega góður og fullyrða, að hann sé skyggn og geti hreinlega "séð" inn í fortíð og nútíð. Hvað eftir annað hefur hann leyst gátur fyrir hollenzku löggregluna, sem enginn annar hefur getað leyst.

Pegar hann kom á lögreglustöðina um ræddan dag 1946, lá stúlkan sem ráðizt hafði verið á, á sjúkrahúsi, og löggreglan beið eftir að hún kæmist til meðvitundar, svo að hægt yrði að yfirheyra hana.

Varðstjórinn fékk Gerhard Croiset hamarinn, sem stúlkan hafði verið slegin með, en hann hafði fundizt á árásarstaðnum. Hamarinn var hið eina, sem löggreglunni hafði í höndum, sem orðið gæti til þess að varpa ljósi yfir verknaðinn.

Andartak horfði Croiset á hamarinn og það var eins og hann einbeitti sér eins mikið og hann gæti. Síðan sagði hann :

– Maðurinn, sem þið leitið að, er hávaxinn og dökkhærður. Hann er á að gizka 30 ára gamall og hefur ör á vinstra eyra. En hamarinn er ekki hans eign. Hann er f eigu miðaldrá manns, sem árásarmaðurinn hefur oft heimsótt. Pessi miðaldrá maður býr í litlum hvítum kofa hér í nágrenninu. Kofinn stendur á milli tveggja annarra kofa.

Mánuðum saman leitaði löggreglan að árásarmanninum án nokkurs árangurs. Loks kom að því, að maður var handte kinn grunaður um þennan verknað. Hann var hávaxinn dökkhærður og 29 ára gamall. Það var öríð á vinstra eyra hans, sem varð til þess, að hann var handtekinn og sakadur um að hafa ráðizt á stúlkuna.

Hann játaði. Hamarinn hafði hann fengið að láni hjá 55 ára gömlum manni, sem bjó í hvítum kofa í útjaðri bæjarins.

Frásögn lögreglustjóra.

Blaðamaður spurði Croiset eitt sinn að því, hvort hann væri skyggn. Hann svaraði spurningunni á þessa leið :

– Það skiptir mig engu máli, hvort fólk álítur að ég sé skyggn eða ekki. Hins vegar hef ég strengt þess heit að nota aldrei hæfileika mína til þess að auðgast á þeim.

David von Woudenberg, sem er lögreglustjóri f einni af útborgum Haag segir um þennan frábæra leynilöggreglumann :

– Croiset er furðulegur maður, Ég hika ekki við að leita aðstoðar hans, þegar eithvert mál kemur upp, sem við getum ekki leyst upp á eigin spýtur.

Um síðustu páskakomu foreldrar til okkar og sögðu okkur, að sex ára gamals sonar þeirra væri saknað. Við gerðum alls-herjarleit að drengnum, en hún bar ekki árangur. Þá spurðu foreldrarnir, hvort ekki væri hægt að leita aðstoðar hjá Gerhard Croiset. Þau höfðu lesið um hina óvenjulegu hæfileika hans í blöðnum.

Ég varð við ósk þeirra og bað hann að koma. Það leið ekki á löngu þar til hann í votta viðurvist teiknaði skissu af síki og sagði að þarna mundi lík litla drengsins finnast.

Hann teiknaði sumarbústað við síkið og sagði, að vindhani stæði rétt hjá honum. Og skammt þar frá mundi vera hvítur pappa-kassi með gúmmí í. Hinum megin við síkið gat hann séð girðingu og hlið á henni.

Hann lýsti því yfir, að einmitt hér væri lík drengsins. Það mundi finnast um 500 metra frá þessum stað.

Ég fór sjálfur til þessa staðar í fylgd með Croiset. Þá voru átta dagar liðnir frá því að drengurinn hafði horfið.

Við fundum staðinn og hann var nákvæmlega eins og Croiset hafði teiknað hann upp og lýst honum fyrir okkur. Pappakassinn var svo vandlega falinn, að við urðum að leita lengi unz við fundum hann. Það var óhugsandi að Croiset hafi getað vitað, að hann var þarna.

Líkið finnst.

Þegar við höfðum kannað staðinn, ókum við að steinbrú, sem lá yfir síkið.

- Næstkomandi föstudag mun lík drengsins finnast hér, sagði Croiset.

Við léturn að sjálfsögðu slæða í síkinu, en Croiset sagði, að við gætum eins látið það ógert. Enda bar sú tilraun okkar ekki hin minnsta árangur.

En kl. 7.45 á föstudagsmorgun sá einn af lögregluþjónum okkar, hvar lík drengsins rak á land rétt við steinbrúna.

DÝRIN

Vísindamenn halda því fram að dýrin finni það á sér þegar búast má við jarðskjálftum.

Klukkan eitt aðfaranótt föstudagsins 26. júlí gerðust dýrin í dýragarði Skopljeborgar allt í einu óeinir og byrjuðu að öskra og láta öllum illum látum. Fyrst heyrdist angurvært en kvíðablandið garg ástralsks sléttudýrs, síðan lét gamli Saint Bernhards-hundurinn í sér heyra og svo hvert dýrið af öðru þar til tugir dýra öskruðu í einum kór, hvert með sínu nefi. Og ljónið tók að lemja höfðinu við búrvegginn, aparnir stukku um eins og óðir væru og stóri þunglamalegi flóðhesturinn gerði tilraun til að stökkva yfir hálfis

annars me tra hátt grindverk. Þessi læti héldust þar til landskjálftinn skók jörðina,

Meðan á þessu gekk sváfu Skoplje-borgar vært, grunlausir um þá hættu sem yfir vofði.

F Y R I R B O Ð I N N

Einkennilegur fyrirboði hinna miklu tifðinda gerði einnig vart við sig hjá 17 ára gamalli stúlku, sem bjó hjá foreldrum sínum í forn-fálegri þriggja hæða byggingu í Skoplje. Herbergi stúlkunnar var á þriðju hæð, en íbúð fjöldskyldunnar að öðru leyti á hæðinni þar undir.

Um klukkan ellefu að kvöldi fimmtudaginn 25. júlí var stúlkan allt í einu gripin miklum ótta við að sofa ein í herbergi sínu, en þar hafði hún sofið allt frá 10 ára aldri. Hún varð óróleg og gekk niður til foreldra sinna og fór fram á að sofa þar niðri þessa nótta. Og það gerði hún. Morguninn eftir gjöreyðilagðist þriðja hæð hússins í fyrsta landskjálftakippnum. Má líklegt telja að stúlkan væri nú ekki í hópi lifenda ef hún hefði sofið í herbergi sínu eins og venjulega þessa örlagaríku nótta.

F R Á F É L A G S S T A R F I N U

Árið 1962 réðist Félag Nýalssinna í það stórræði að kaupa 100 ferm. Íbúð í stórhýsi að Ljósheimum 20 í Reykjavík. Var þá ríkjandi allmikil bjartsýni meðal stjórnar og félagsmanna. Hugðist félagið nota húsnæðið til alls konar starfsemi á vegum félagsins, til eflingar og útbreiðslu á málefnum Nýalssinna. Átti þar að vera hægt að halda félagsfundi, gera miðilstilraunir, halda nám-skeið og e. t. v. sitthvað fleira. Urðu allmargir félagar til að

leggja fram nokkurt fé að láni, en mest mæddi það þó á örfáum mönnum. Ibúðin var óstandsett, og var aldrei hægt að standsetja hana vegna fjárskorts. Parna voru þó haldnir fáeinir félagsfundir, en önnur starfsemi fór þar ekki fram, enda ekki hægt í ófrágengnu húsnæði. Því fór svo að stjórnin sá sér ekki fært annað en selja húseignina síðari hluta árs 1963. Má samt segja að betur var af stað farið en heima setið, því hagnaður af sölunni varð allverulegur. Hefur nú öllum, sem fé lögðu fram til bessara húsakaupa verið endurgreitt framlag þeirra, og er þá eftir um kr. 99.000. – í hreinan hagnað handa féluginu.

Nú hefur félagið tekið á leigu húsnæði á Laugaveg 24, á 4. hæð. Er það eitt herbergi og eldhús. Hefur þar verið komið fyrir bókum félagsins, Nýal og því sem enn er eftir af Íslenzkri stefnu. Keyptir hafa verið stólar og borð. Parna ætti að vera unt að halda félagsfundir, en þó aðeins ef miðað er við fremur lága tölu fundargesta, eða eins og hún hefur verið undanfarið en æskilegast væri að fundarsókn ætti eftir að aukast svo, að þörf yrði á stærra húsnæði til þeirra hluta.

Stjórn félagsins hefur nýlega komist í kynni við ungan mann við miðils- og huglæknishæfileika. Mun hann verða fús til samstarfs við Nýalssinna. Er ætlunin að gera tilraunir með honum er kemur fram á haustið, og þá í hinu nýja húsnæði. Lengi hefur það verið áhugamál Félags Nýalssinna, að fá miðil til samstarfs, svo hægt yrði að gera tilraunir byggðar á kennungum dr. Helga Pjeturss. Síkt hefur ekki tekist þar til nú, að við sjáum hylla undir slíka möguleika. Hyggjum við gott til slíkra tilrauna, en vitum þó vel, að árangur er að allmiklu leiti komið undir góðum hug félagsmanna og samstillingu og þrautseigju þeirra, sem þátt taka í tilraunum.

Ingvar Agnarsson.

Efnisyfirlit:

- 3 Efni blaðsins
Þorsteinn Jónsson
- 6 Samband við íbúa annarra stjarna.
Ingvar Agnarsson
- 8 Lóðin hans Helga Pjeturss
Þorsteinn Guðjónsson
- 9 Athyglisvert dæmi
Þorsteinn Jónsson
- 11 Sagan um ostkistuna
Þorsteinn Guðjónsson
- 12 Hjaltasynir á Þorskafjarðarþingi
Þorsteinn Guðjónsson
- 14 Í ljósi frá Íslandi
Þorsteinn Jónsson
- 15 Kraftur lífs og hugsunar
Þorsteinn Jónsson
- 17 Úr bréfi frá Bjarna á Brekku
- 19 Þrjár greinar: Samband við guði forn-manna, Um lífmagnan, Lifnun
Ingvar Agnarsson
- 20 Stjörnudraumur, Séð til fjalla í draumi, Draumur
Ingvar Agnarsson
- 22 Skriffað ósjálfrátt
- 23 Tekið upp ur dagblöðum
- 29 Frá félagsstarfinu